



Mennta- og barnamálaráðuneytið

Reykjavík, 20. október 2022

Boð til samráðs við undirbúning frumvarps til laga um skólalþjónustu

Ein af megináðgerðum menntastefnu til ársins 2030 er uppbygging heildstæðrar skólalþjónustu um allt land sem byggir á þrepaskiptum stuðningi. Að baki menntastefnunni var umfangsmikið samráð og greiningarvinna við að skerpa sýn á þróun og uppbyggingu íslenska menntakerfisins til framtíðar í ljósi nýrra áskorana. Einkunnarorð stefnunnar eru *Framúrskarandi menntun alla ævi* og hvílir hún á fimm stöðum: jöfnum tækifærum allra, kennslu í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan í öndvegi og gæðum í forgrunni.

Þann 17. október sl. kynnti ég áform um gerð frumvarps til laga um skólalþjónustu sem hefur breiða skírskotun til þessara meginstoða. Markmiðið er að tryggja jafnræði í þjónustu við börn og ungmenni í leik-, grunn- og framhaldsskólum óháð aldri, uppruna og búsetu, mæta ákalli um aukna ráðgjöf og stuðning við starfsfólk og stjórnendur á vettvangi skólans, efla þverfaglega samvinnu og samþættingu milli skóla- og þjónustustiga í þágu farsældar barna og tryggja öllum skólum faglegt bakland í sínum fjölbreyttu verkefnum.

Ég boðaði jafnframt víðtækt samráð við hagsmunaaðila í þeirri vinnu sem framundan er til að koma sem best til móts við þarfir haghafa skólasamfélagsins og tengdra þjónustukerfa, m.a. barna og ungmenna, foreldra, kennara, stjórnenda og starfsfólks leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva, skólalþjónustu og annarra þjónustukerfa.

Hér með er athygli vakin á þessari vinnu og öllum sem hafa áhuga á því að leggja henni lið boðið að taka þátt með því að senda inn ábendingar, koma upplýsingum á framfæri og skrá sig til þátttöku í samráðshópum sem munu taka til starfa á næstu vikum. Þeim sem vilja skrá sig eða senda inn ábendingar er bent á að gera það fyrir lok dags 4. nóvember nk. með því að senda póst á netfangið mrn@mrn.is.

Ásmundur Daðason

Ásmundur E. Daðason
mennta- og barnamálaráðherra